

1. tölublað – 7. árgangur – 2008 – ISSN 1670-7664



TÍMARIT

KRISTILEGS FÉLAGS HEILBRIGÐISSTÉTTA





- Rafskutlurnar eru einfaldar í notkun
- Jafnt innandyra sem utan
- Snúningssæti auðveldi aðgengi



Úrval af hjálpertækjum og heilbrigðisvörum



Fallegir hægindastólar sem lyfta þér upp. Úrval af rafskutlum fyrir eldri borgara. Þjófum einnig vönduð rúm fyrir dvalarheimili og sjúkrahús. Úrval af lyfturum og öðrum vörum til að auðvelda aðhlyningu.



Eirberg á samstarf við Tryggingastofnun ríkisins um hjálpertæki og búnað.

Verslun okkar er opin virka daga kl. 9-18.
Persónuleg þjónusta og fagleg ráðgjöf.

Eirberg 

Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • sími 569 3100 • www.eirberg.is

Tímarit Kristilegs félags heilbrigðisstétta



Dr. Helga Bragadóttir
hjúkrunarfræðingur,
lektor við
Háskóla Íslands
og þróunarráðgjafi
Landspítalanum.
helgabra@hi.is

Tímarit kristilegs félags heilbrigðisstétta (TKFH) lítur nú dagsins ljós eftir nokkurt hlé. Vil ég þakka stjórn félagsins ánægjulegt samstarf við undirbúning og útgáfu blaðsins, ekki síst þeim Vigdís Magnúsdóttur og Margréti Hróbjartsdóttur sem mynda ritstjórn tímaritsins með mér. Strax á fyrsta fundi ritstjórnar var ákveðið að setja markið hátt með útgáfunni. Leitað yrði til öflugra andans manna og kvenna með að fá efni í blaðið sem að þessu sinni yrði tileinkað bæn og trú. Tóku allir sem til var leitað vel í beiðni okkar og þökkum við þeim kærlega fyrir. Séra Sigurbjörn Einarsson skrifar um bænina og leiðir í ljós að lífið sjálft er bæn. Rannveig Sigurbjörnsdóttir segir sögu kyrrðardaga á Íslandi. Laura Sch. Thorsteinsson deilir með okkur á persónulegan hátt bæninni í lífi sínu. Vigdís Magnúsdóttir rekur upp-

haf félagsins hér á landi og Margrét Hróbjartsdóttir minnst Francis Grim stofnanda alþjóðahreyfingar KFH.

Það er von okkar að efni þessa blaðs megi gleðja og hvetja þá sem það lesa.

Jesús Kristur er kærleikurinn og lífið. Með riti þessu viljum við taka þátt í að breiða út fagnaðarboðskap hans. Páll postuli skrifaði til Filippímanna „Verið ávallt glöð í Drottni. Ég segi aftur: Verið glöð. Ljúflyndi ykkar verði kunnugt öllum mönnum. Drottinn er í nánd. Verið ekki hugsjúk um neitt heldur gerið í öllum hlutum óskir ykkar kunnar Guði með bæn og beiðni og þakkargjörð. Og friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi, mun varðveita hjörtu ykkar og hugsanir ykkar í Kristi Jesú“ (Fl 4.4-7).

*Með þakklæti,
Helga Bragadóttir.*

Tímarit kristilegs félags heilbrigðisstétta

Útgefandi:

Kristilegt félag heilbrigðisstétta

Ábyrgðarmaður:

Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir

Forsíðumynd:

Þórdís Ágústsdóttir

1. tölublað – 7. árgangur – 2008
ISSN 1670-7664

Prentvinnsla:

Ísafoldarprentsmiðja ehf.

Efnisyfirlit

Ritstjórnarpistill – <i>Dr. Helga Bragadóttir</i>	3
Ávarp – <i>Sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir</i>	4
Bæn – bænheyrsla – <i>Dr. Sigurbjörn Einarsson</i>	5
Kyrrðardagar á Íslandi – <i>Rannveig Sigurbjörnsdóttir</i>	7
Mig dreymdi mikinn draum.....	10
Leynardómur bænarinna.....	10
Bænin í lífi mínu – <i>Laura Sch. Thorsteinsson</i>	11
Um starf KFH.....	12
Þakkir til séra Péturs.....	14
Upphaf félagsins: Fyrsti hluti 1952-1965	
<i>Vigdís Magnúsdóttir</i>	15
Francis Grim.....	18
Myndir frá aðalfundi 2007.....	19

Ávarp

Höfundur



Sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur þjóðkirkjunnar, formaður stjórnar KFH.

Það er með mikilli ánægju sem stjórn Kristlegs félags heilbrigðisstétta fylgir tímariti félagsins úr hlaði að þessu sinni. Langþráðu markmiði er náð en stjórnin hefur síðustu misseri unnið að því að endurvekja Tímarit kristlegs félags heilbrigðisstétta og að hefja útgáfu þess á ný. Í tilefni af 30 ára afmæli KFH á þessu ári þótti vel við hæfi að tímaritið yrði afmælisgjöf til félagsfólks sem og allra þeirra sem láta sig varða andlega og trúarlega þjónustu, sál-gæslu innan íslenskrar heilbrigðisþjónustu.

KFH stendur á traustum grunni þar sem félagið á rætur sínar að rekja til Kristlegs félags hjúkrunarkvenna sem stofnað var árið 1952 en breytt í Kristilegt félag heilbrigðisstétta 16. janúar árið 1978. Með stofnun Kristlegs félags hjúkrunarkvenna var stórt skref stigið í þá átt að vekja athygli á gildi andlegrar og trúarlegrar umönnunar og að styrkja heilbrigðisstéttir til að mæta slíkum þörfum. Markmið félagsins hefur jafnan

verið að styðja og efla andlega og trúarlega þjónustu, sál-gæslu innan heilbrigðisþjónustunnar og að stuðla að fræðslu fyrir heilbrigðisstarfsfólk um málefni er varða andlegar og trúarlegar þarfir manneskjunnar. KFH leggur mikla áherslu á mikilvægi þess að andlegum og trúarlegum þörfum fólks sé sinnt og að sú þjónusta sé hluti af þeirri þjónustu sem heilbrigðisstofnanir veiti. Félagið byggir þessa skoðun á kristnum mannskilningi þar sem gengið er út frá ákveðinni heildarsýn á manneskjuna. Þessi heildarsýn lítur á hverja manneskju sem eina heild sem hefur margvíslegar þarfir, líkamlegar, félagslegar og andlegar og trúarlegar.

Þegar fólk stendur frammi fyrir veikindum og áföllum í lífinu finnur það glögggt vanmátt sinn og smæð í slíkum aðstæðum og ýmsar tilvistarspurningar verða knýjandi og áleitnar. Spurningar sem snerta trú, lífsviðhorf og gildismat. Það er því nauðsynlegt að fólki sé mætt af næmni, þekkingu og skilningi og að miðlað sé af þeirri nærveru sem kristin trú stendur fyrir. Sál-gæsla felst m.a. í því að vera með fólki á erfiðum stundum í lífinu, að hlusta á líðan og tilfinningar og veita samfylgd. Sú samfylgd á sér fyrirmynd í Jesú Kristi og þeirri samfylgd sem hann vill veita sérhverri manneskju á lífsleiðinni.

Það er von stjórnar KFH að tímarit félagsins verði til þess að vekja enn frekar athygli á mikilvægi andlegrar og trúarlegrar þjónustu, sál-gæslu og að efni þess megi nýtast heilbrigðisstarfsfólki sem og öðrum sem áhuga hafa á þessu brýna viðfangsefni.

Stjórnin þakkar ritstjóra og ritstjórn tímaritsins innilega fyrir þá miklu vinnu og alúð sem hefur verið lögð í blaðið og endurútgáfu þess.

Fyrir hönd stjórnar Kristlegs félags heilbrigðisstétta.

*Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir,
formaður.*



Stjórn KFH. Efri röð: Anna Ólafía Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur, sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur, Jón Jóhannsson, djákni, dr. Sigrún Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur. Nedri röð: Margrét Hróbjartsdóttir, hjúkrunarfræðingur og kristniboði, Vigdís Magnúsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Bergþóra Baldursdóttir, sjúkráþjálfi.

Dr. Sigurbjörn Einarsson

Bæn - Bænheyrsla

Við byrjum öll lífið með bæn.

Um leið og við leysumst frá móður-skauti og náum andanum í þessum heimi biðjum við um hjálp. Gerum það með gráti, kunnum ekki annað mál þá.

Það er Guð lífsins, skaparinn, sem er að biðja í þeirri bæn. Hann er að biðja okkur og fyrir okkur og þær mannlegu kærleikshendur, sem taka á móti okkur, eru bænheyrslan, sem hann fær í það sinn.

Þeim Guði mætir þú og ég við hvert fót-mál. Við þreifum á honum hverju sinni, sem við drögum andann eða finnum hjartað slá. Við mætum honum í öllum góðum gjöfum lífsins, í hverjum geisla, sem gleður og blessar. Ef við viljum muna þetta og skilja og þroska okkur í þeirri vitund og skilning, þá lærum við líka að skynja hann í gegnum þá skugga, sem við eigum að mæta, í þeim raunum og myrku gátum, sem á veginum verða. Skynja hann og þiggja styrk og blessun hjá honum. Það er sérstaða hins mennska manns, að hann getur fengið meðvitund um skapara sinn. Og það er þakkarefni kristins manns, að hann fær að sjá og þekkja Guð alheimsins í mynd Jesú Krists. Þar með veit hann að á bak við alla hina dularfullu tilveru er fórnandi, sigrandi kærleikur hins upprisna frelsara. Allt kristið trúarlíf miðar að því að samstillta huga sinn þeirri hugsun, sem mótar og stýrir eilífu ríki kærleikans. Þetta má líka orða svo: Bænalíf mitt og þitt snýst að réttu lagi um það eitt, að við mætum verða bænheyrsla Guðs sjálfs.

Fyrsta tjáning mannsbarnsins er ómeðvit-uð bæn. Það má skynja sams konar bæn um líf í augum og tilburðum ferfættra og vængj-aðra vina í náttúrunni. Allra auga vona á þig, Drottinn. Þú sendir út anda þinn, þá verða þau til, þú seður allt, sem lifir, með blessun (Slm 104 og 145). Þetta segir Heilög ritning. Og ennfremur: Öll sköpunin þráir, vonar og biður (Róm 8), sköpunarverkið er von og bæn skaparans. En mannum er gefin sú hugsun, það vit, sú samviska, að hann getur vaknað til vitundar um Guð, skaparann og frelsarann, og tekið undir við hann, samstillt sig huga hans. Hvenær sem þetta gerist fær

Guð það svar frá sköpun sinni, sem hann þráir og væntir og stefnir að.

Óvitinn nýfæddur hlýðir ómóstaðilegu kalli lífsins. Og veit ekki neitt. Það er annar sem veit: Lífsins Guð og faðir. Sami faðir og frelsari lifir og kallar í þeirri vitund í þér, sem fær farveg, framrás, fullnægju í bæn þinni og bænariðkun. Lífshvötin í grunni veru þessar leitar að Guði. Af hverju? Af því að Guð er að leita að þér. Vegna þess að hann elskar þig og vill eiga þig hjá sér að eilífu.

Kristin bæn er fyrst og síðast andsvar við leitandi kærleiksrodd Drottins sjálfs. Og að biðja í Jesú nafni, eins og hann býður okkur að gera, það er að vilja lofa honum að biðja í sér, sigra í sér.

Trúarlíf kristins manns snýst um þetta. Það er næsta ófullkomið hjá okkur öllum, eins og allt í þessum heimi. En hver biðjandi hugsun og orð í Jesú nafni, opnar fyrir endurskini frá eilífu ljósi hans. Enginn temur sér að biðja án þess að verða var við þetta.

Þegar fyrstu lærisveinar Jesú báðu hann að kenna sér að biðja, flutti hann ekki fyrirlestur um bæn. Hann kenndi þeim bæn. Sú bæn, Faðir voríð, er fullgild í öllum aðstað-um. En hún er jafnframt skýr leiðbeining um það, í hvaða farvegi kristin bæn á að leita. Í öðru lagi segir Jesús með því að leggja þessi bænarorð á varir vina sinna: Þið lærið að biðja með því að gera það. Alveg eins og þið lærið að tala og ganga með því að gera það. Og þá líkið þið eftir fullorðna fólkinu, þigg-ið stuðning og hjálp foreldra og ástvina. Eins er um bænina og trúarlífið. Þar er mikill og dýrmætur stuðningur í boði hjá þeirri miklu fjölskyldu, sem heitir heilög kirkja aldanna og samfélag heilagra á himi og jörðu.

Þegar við biðjum Faðir vor skulum við muna það, að við erum að *biðja með Jesú*. Ekki aðeins að hafa yfir orð, sem hann mælti forðum, heldur að taka undir við hann og heilagan anda hans, sem er að biðja fyrir okkur og öllum, sem vilja eiga hann að. Um þetta eigum við skýlaus fyrirheit í orði hans.

Ég veit að ég læri aldrei að biðja eins og ber. En hann biður fyrir mér. Þess vegna bið

Höfundur



Dr. Sigurbjörn Einarsson er fæddur 1911. Hann vígðist til prests 1938, var prófessor við Háskóla Íslands 1944-1959 og biskup Íslands 1959-1981.

Allt kristið trúarlíf miðar að því að samstillta huga sinn þeirri hugsun, sem mótar og stýrir eilífu ríki kærleikans.

*Og undursamleg
bænasvör fær maður
oft að reyna.*

ég. Get það og geri það. Og þegar ég bið bænaversin mín, sem ég lærði í bernsku og hafa stutt mig og blessað ævilangt, þá má ég minnst þess, að ástvinir voru að biðja fyrir mér, þegar þeir kenndu mér þessar bænir. Fyrirbæn kærleikans er sá lífsins tónn, sem aldrei deyr út að eilífu.

Hver einlæg bæn er ljósblik, sem Drottinn ljóssins tendrar og beitir gegn skuggum og sorta tilverunnar. Og undursamleg bænasvör fær maður oft að reyna. En ekki veit ég tölu á þeim bænum mínum, sem voru

ekki heyrðar eins og ég óskaði. Það er eitt af leyndarmálum Guðs míns og mér þykir gott að mega fela honum allt, sem ég hvorki veit né skil. Og þess má ég minnst, hvað góður Guð hlýtur oft að vera vonsvikinn yfir mér. Enginn mætir eins sárum vonbrigðum og hann, engum er eins oft neitað um bænheyrslu. Munum það fyrst og fremst að við erum öll bæn Drottins sjálfs. Og að það skiptir öllu, að við heyrum þá bæn og viljum láta hana rætast.

*Lof sé þér, Guð, þín líkn ei þver,
lind allrar gæsku, dýrð sé þér.
Lof þér, sem veitir hjálp og hlíf,
himneska svölun, eilíft líf.*

*Lofar þig sól, þér lýtur jörð.
Lífið þér færi þakkargjörð,
blessi þitt nafn um eilíf ár:
Einn sannur Guð og faðir hár.*

Sigurbjörn Einarsson

Einkunnarorð Kristlegs félags heilbrigðisstétta

Og Jesús kom til þeirra, talaði við þá og sagði: „Allt vald er mér gefið á himni og jörðu: Farið því og gerið allar þjóðir að lærisveinum, skírið þá í nafni föður og sonar og heilags anda og kennið þeim að halda allt það sem ég hef boðið yður. Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar.“ (Matt 28.18-20)

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónasson



Geir Harðarson



Bryndís Valbjarnardóttir



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

Styrktarlínur

Reykjavík

Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
Menntamálaráðuneytið, Sölvhólsgötu 4
Neskirkja, Hagatorgi
Skólavefurinn.is, Laugavegi 163
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf, Vesturhlíð 2

Reykjanesbær

Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36

Akureyri

Akureyrarbær, Geislagötu 9

Rannveig Sigurbjörnsdóttir

Kyrrðardagar á Íslandi

María Guðsmóðir hefur verið nefnd fyrirmynd kyrrðardaga samkvæmt frásögninni í Lúkasarguðsspjalli sem kemur fyrir tvisvar í öðrum kafla versum 19 og 51. „En María geymdi allt þetta í hjarta sínu og hugleiddi það.“ En það er einmitt það sem kyrrðardagar fela í sér, að heyra Guðs orð og hugleiða það. Jesús sagði við lærisveina sína (Mk 6.31) „Komið þér nú með mér á óbyggðan stað svo að vér séum einir saman og hvílist um stund.“ Það er tilgangurinn með kyrrðardögum að þiggja þetta boð.

Saga kyrrðardaganna

Eyðimerkurfeðurnir stunduðu kristna íhugun á fyrstu öldum kristinnar og klausturlífið fól í sér að draga sig út úr skarkala heimsins til að nálgast Guð í kyrrðinni. Iðkun Jesúsbenarinnar í Austurkirkjunni um aldir er gott dæmi um kristna íhugun. Hraðinn, hávaðinn og streitan í vestrænum samfélögum síðustu öldina hefur vakið hjá fólki þrá eftir kyrrð, hvíld og næði til að íhuga, athuga stöðu sína. Ef til vill hafði kirkjan brugðist þessari þörf nútímamannsins og þrá. Þegar svo vestrurlandabúar fóru að flykkjast til Austurlanda til að kynna sér austræn trúarbrögð á síðustu öld og tileinka sér hugleiðsluaðferðir þeirra eins og ný sannindi væru komin fram, áttaði kirkjan sig á því að hún gat boðið upp á hið sama. Það var sannarlega hin kristna hefð að draga sig í hlé til bæna og íhugunar og hafði verið stundað frá öndverðu í kristni.

Brautryðjandastarf hófst í lok 19. aldar í Pleshey í Essex í Englandi á vegum ensku Biskupakirkjunnar er þar var stofnað kyrrðardagasetur. Evelyn Underhill, ensk kona, var aðalhvatamaður þess. Þangað hefur fólk leitað æ síðan, einstaklingar og hópar, gjarnan úr söfnuðum með prestum sínum til kyrrðar og andlegrar uppbyggingar. Sigurbjörn Einarsson biskup kynnti sér starfið þar á sjötta áratugnum, dvaldi þar síðar og hreifst af þeirri upplifun.

Fyrir seinni heimstyrjöldina var stofnað Grandchamp systrasamfélagið í Sviss. Þær systur eru mótmælendatrúar, „reformertar“

Kalvinistar. Þær hafa frá byrjun boðið gestum að dvelja hjá þeim lengri eða skemmri tíma til andlegrar uppbyggingar og veitt einkaleiðsögn ef óskað er. Þangað sóttu á fyrstu árunum þrír ungir menn til andlegrar uppbyggingar sem höfðu byrjað að hittast og biðja saman í Genf. Einn þeirra var bróðir Roger sem seinna stofnaði Taizé bræðra-regluna frægu. Þúsundir hafa síðan notið kyrrðar og íhugunar í Taizé.

Í Rättvik í Dölnum í Svíþjóð hefur verið kyrrðarsetur í áratugi sem nokkrir Íslendingar hafa sótt. Má þar nefna dr. Hjalta Hugason guðfræðiprófessor, Ragnheiði Sverrisdóttur djákna, sr. Guðrúnu Eddu Gunnarsdóttur, dr. Einar Sigurbjörnsson guðfræðiprófessor, sr. Bernharð Guðmundsson og dr. Sigríði Halldórsdóttur prófessor í hjúkrunarfræði.

Sandum kyrrðardagasetrið í Noregi þekkjá margir, en þar dvöldu Margrét Hróbjartsdóttir kristniboði og hjúkrunarfræðingur og Benedikt Jasonarson kristniboði tvisvar sinnum árið 1975 og 1976 og buðu til Íslands eftir það leiðtogum þaðan. Margrét Jónsdóttir forstöðumaður á Löngumýri dvaldi einnig á Sandum. Þannig höfðu þessi erlendu tengsl verið fyrir hendi um nokkurt skeið og íslenska kyrrðardagastarfið hefur síðan mótast af því.

Kyrrðardagar hérlendis

Tilraunir með kyrrðardaga hófust hér á landi er Margrét Jónsdóttir forstöðumaður á Löngumýri efndi til kyrrðardaga þar árið 1982 og fól Sigurbirni Einarssyni að leiða þessa fyrstu kyrrðardaga hér á landi. Þetta var mikilsverð kynning þótt þátttaka væri dræm sem búast mátti við. Víðförli blað kirkjunnar fjallaði hinsvegar ítarlega um þetta starf árið 1982 og ritstjórinn sr. Bernharður Guðmundsson notaði þar orðið kyrrðardagar sem þýðingu á orðinu „retreat“ og hefur það fest sig í sessi um þessa starfsemi.

Efnt var til fyrstu kyrrðardaganna í Skálholti í dymbilviku árið 1986 í rektorstíð sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar að tilstuðlan dr. Hjalta Hugasonar og Þrastar Eiríkssonar organista. Þeir höfðu kynnst kyrrðardagastarfi

Höfundur



Rannveig Sigurbjörnsdóttir lauk hjúkrunarnámi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1959 og framhaldsnámi í heilsugæsluhjúkrun frá Nýja hjúkrunarskólanum 1981. Hún var um tíma í stjórn KFH.

í Noregi og Svíþjóð. Sigurbirni Einarssyni var falið að leiða þessa kyrrðardaga. Þátttaka var strax góð og var efnt til kyrrðardaga í dymbilviku undir hans leiðsögn í Skálholti óslitið þar til hann tók sér hlé 1999.

Fljótlega var síðan boðið til kyrrðardaga á adventu í Skálholti, sem Sigurbjörn leiddi einnig óslitið til ársins 1999. Hafa kyrrðardagar sem hann hefur leitt ávallt verið mjög vel sóttir.

Ári seinna kom Per Mases frá kyrrðardagasetrinu í Rättvik í Svíþjóð og hélt námskeið í Skálholti fyrir væntanlega leiðtoga kyrrðardaga, að frumkvæði og undir forustu dr. Hjalta Hugasonar og dr. Sigurðar Árna Þórðarsonar.

Undirrituð var ein þeirra sem var boðin þátttaka í námskeiði Per Mases í Skálholti og hafði það mikil áhrif á mig. Aðrir þátttakendur voru auk frumkvöðlanna; sr. Jónas Gíslason síðar vígslubiskup, sr. Karl Sigurbjörnsson síðar biskup, Þröstur Eiríksson, sr. Jón Bjarman, sr. Halldór Gunnarsson, Margrét Jónsdóttir á Löngumýri, Ragnheiður Sverrisdóttir djákni, sr. Halldór Reynisson og Guðmundur Hallgrímsson lyfjafræðingur. Þau hafa flest komið að framkvæmd kyrrðardaga á einn eða annan hátt.

Joan Nesser, bandarísk kona, sem hefur rekið kyrrðardagasetur í Bandaríkjunum um árabil, kom hingað fyrst árið 1988 á vegum samkirkjulegra samtaka. Hún kom eftir það nokkrum sinnum og leiddi m.a. systradaga á Löngumýri og á Búðum.

Maríusystur frá Noregi komu einnig í heimsókn í boði kristilegra trúfélaga hér og Kristilegt félag heilbrigðisstétta tók þátt í undirbúningi þess. Þær kynntu meðal annars kyrrðarstarf og leiddu kyrrðardaga í Skálholti.

Sumarið 2007 voru haldnir kyrrðardagar í Holti sem stóðu í tíu daga. Prestshjónin á Egilsstöðum, Ástríður Kristinsdóttir og sr. Vigfús Ingvar Ingvarsson höfðu forgöngu um að bjóða hingað enskum leiðtogum í kyrrðarstarfi sem þau höfðu kynnt í kyrrðardvöl á Liagaarden í Noregi þar sem andlegar æfingar Ignatiusar Loyola voru lagðar til grundvallar. Sr. Lister Tonge frá Oxford var aðalleiðbeinandi.

Systradagar heffast

Fyrstu systradagarnir voru haldnir 1989 í Vindáshlíð. Það var bænaþrenna kvenna úr KFH sem efndi til þeirra en í henni voru

hjúkrunarfræðingarnir Margrét Hróbjartsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir auk undirritaðrar. Undirtektir voru afar góðar og þarna myndaðist samfélag kvenna í kirkjunni.

Systradagarnir hafa verið haldnir víðsvegar um landið síðan, á Imbrudögum, fjórum sinnum á ári, vor og haust í Skálholti og nú síðustu haustin samtímis einnig á Eiðum, á Snæfellsnesi og í Holti í Öndarfirði. Aðsókn hefur verið góð frá byrjun og það góð, að undanfarin ár hefur orðið að tvískipta haustdögum í Skálholti. Hópur níu kvenna annast allan undirbúning, fyrirbæn og síðan framkvæmd daganna, flytur hugleiðingar og leiðir helgihald í samvinnu við presta staðarins. Sigríður Halldórsdóttir hefur verið drifkrafturinn á þessu starfi en hún hefur marg oft sótt kyrrðardaga í Rättvik, í Essex í Englandi hjá Austurkirkjunni og víðar.

Kyrrðardagastarfið í Skálholti hefur aukist mjög undanfarin ár. Auk hinna hefðbundnu kyrrðardaga sem fjölmargir leiðtogar hafa stýrt, hefur verið boðið upp á sérsniðna kyrrðardaga t.d. fyrir starfsfólk Landspítalans, deildarstjóra og sviðsstjóra, fyrir starfsmenn lögreglunnar, fyrir eftirfylgdarhóp Líknardeildarinnar í Kópavogi, fyrir vímuvarnahópa og sorgarsamtök sem sjúkrahúsprestar hafa annast. Enn fremur hafa verið kyrrðardagar þar sem myndlist er til íhugunar undir stjórn listamannanna Þorgerðar Sigurðardóttur og Benedikts Gunnarssonar, kyrrðardagar með Qi Gong æfingum undir stjórn Gunnars Eyjólfssonar leikara, jóga-leikfimi með kristinni íhugun undir stjórn Auðar Bjarnadóttur dansara, kyrrðardagar með áherslu á útivist og í tengslum við pílagrímagöngur. Þá hafa verið sérstakir dagar fyrir Parkinsons samtökin, sem Helga Hróbjartsdóttir kennari hafði forgöngu um og var Sybil Urbancic fengin til að kenna þar Feldenkreiz æfingar.

Að ganga í kyrrð

Dr. Pétur Pétursson prófessor og Guðbrandur Magnússon framleiðslustjóri Morgunblaðsins hafa leitt pílagrímagöngur undanfarin ár, frá Þingvöllum og um gömlu biskupaleiðina til Skálholts. Það hefur sett sérstakan svip yfir hátíðarhöldin á Skálholtshátíð þegar pílagrímahópurinn gengur í hlað um leið og kirkjuklukkunum er hringt. Þeir félagar hafa staðið að þessu starfi í samvinnu við Skálholtsskóla. Sérstakur hópur leiðtoga

undirbýr nú leiðbeiningar um kyrrðarþáttinn fyrir þá sem vilja leiða slíkar göngur.

Vígslubiskup Hólastiftis hefur haft föngöngu um pílágrímagöngur heim að Hólum og fengið hjónin sr. Guðrúnu Eddu Gunnarsdóttur og dr. Einar Sigurbjörnsson til að leiða þær göngur árlega. Síðastliðið sumar komu þrjár pílágrímagöngur á Hólahátíð.

Dagskrá kyrrðardaga

Dagskrá kyrrðardaganna er yfirleitt með hefðbundnum hætti. Þeir hefjast með kvöldbæn klukkan 18, síðan er kvöldmatur þar sem þátttakendur geta kynnst aðeins. Samverustund þar sem dagskráin er kynnt er að loknum kvöldverði og að því loknu nátt-söngur í kirkjunni. Eftir nátt-sönginn tekur þögnin við.

Það er vakið með söng á morgnana og hver morgunn hefst með messu og altarisgöngu. Fyrsta máltíð dagsins er máltíð Drottins sem er góð reynsla. Fastir liðir fyrir utan messuna eru fræðslustund eða íhugun á miðjum morgni, hádegisbæn, kvöldbæn, trúnaðarsamtöl og fyrirbænarstundir síðdegis, stundum skipulögð samverustund eða fræðslustund í setustofu á kvöldin. Dagskráin er umgjörð en enginn er skyldugur til að taka þátt í öllu en yfirleitt kýs fólk að gera það. Það er reynt að stilla dagskránni í hóf svo gefist stundir sem hver og einn getur verið einn í kyrrð. Í þögninni talar Guð og í þögninni skynjum við nærveru hans. Hvíldin, kyrrðin og þögnin gerir okkur sterk. Fólk hefur borið þessu vitni. Við fylgjum fordæmi Jesú sem dró sig í hlé til bænar og samfélags við Guð. Í Matt 11.28 segir Jesús: „Komið til mín allir þér sem erfiði hafið og þungar byrðar og ég mun veita yður hvíld“ og í Matt 6.6 „En nær þú biðst fyrir skaltu ganga inn í herbergi þitt, loka dyrunum og biðja föður þinn sem er í leynum. Faðir þinn sem sér í leynum mun umbuna þér.“ Þessa texta og marga fleiri er gott að taka með sér inn í þögnina og eins úr Davíðssálmum til dæmis 62.2: „Bíð róleg eftir Guði sála mín, frá honum kemur hjálpræði mitt.“ Einnig má nefna sérstaklega sálm 139.

Þróun starfsins

Kyrrðardagastarfið er í stöðugri þróun enda eru möguleikarnir víðsvegar og þörfin fyrir hendi.

Sr. Bára Friðriksdóttir kynnti draum sinn um heilsutengda kyrrðardaga fyrir nokkru í

lok Systradaga í Skálholti, þar sem líkamleg endurnýjun ætti sér stað jafnhliða þeirri andlegu með þverfaglegri samvinnu heilbrigðisstarfsfólks og kyrrðardagastarfs Skálholts. Hún kynnti svo þessa hugmynd á Kirkjudögum á Skólavörðuholti 2005. Í framhaldi af því var undirbúningsnefnd sett á laggirnar og eru dr. Sigrún Gunnarsdóttir og Bergþóra Baldursdóttir í þeirri nefnd fyrir hönd KFH. Heilsudagar hafa nú verið haldnir tvívegis í Skálholti og tekist mjög vel.

Námskeið um kyrrðarstarf í söfnuðunum var haldið árið 2006. Skálholtsskóli bauð hingað Vivre Tinnemark og Knut Grönvik frá Noregi sem hafa mikla reynslu í kyrrðarstarfi, til að halda námskeið hér á landi. Var það fjármagnað úr Hopesjóðnum sem vinnur að samstarfi norsku og íslensku kirkjunnar.

Kyrrðarstarf í söfnuðum er ætlað þeim sem ekki hafa tæk á að draga sig í hlé í nokkra daga, kyrrðardaga, og felst í því að skipuleggja styttri dagskrá allt frá tveimur tímum upp í fullan dag í húsakynnum kirkjunnar, þar sem kyrrðin ríkir. Námskeiðin tvö í Skálholti og Háteigskirkju í Reykjavík voru mjög vel sótt og opnuðu ýmsa möguleika.

Starfshópur var tilnefndur til þess að gangast fyrir ýmiskonar kyrrðarstarfi í tilraunaskyni. Í hópnum hafa starfað: sr. Tómas Sveinsson, Sigrún Valg. Ásgeirsdóttir fulltrúi, Jón Jóhannsson djákni og sr. Bernharður Guðmundsson. Hópurinn efndi til þriggja mismunandi samvera í Áskirkju, Árbæjarkirkju og í Vídalínskirkju. Í öll skiptin var lögð fram dagskrá með hugleiðingarefni sem hentaði aðstæðum og alltaf var sameiginleg máltíð ásamt með máltíð Drottins. Þetta efni er fáanlegt og verður kynnt nánar.

Kyrrðardagar eru orðnir veruleiki í þjóðfélagi okkar. Fæstir spyrja nú hvað átt er við þegar minnst er á kyrrðardaga. Guði sé lof að margir hafa fengið að njóta þeirra og hafa gert það að venju að sækja þá, sér til uppbyggingar og blessunar.

Mig dreymdi mikinn draum

effir gamalli sögn

Mig dreymdi mikinn draum: Ég stóð með Drottni háum tindi á og horfði yfir lífs míns leið hann lét mig hvert mitt fótspor sjá.

Þau blöstu við. Þá brosti hann „Mitt barn“, hann mælti, „sérðu þar, ég gekk með þér og gætti þín, í gleði og sorg ég hjá þér var“.

Þá sá ég fótspor frelsarans svo fast við mín á langri braut. Nú gat ég séð hvað var mín vörn í voða, freistni, raun og þraut.

En annað sá ég síðan brátt: Á sumum stöðum blasti við, að sporin voru aðeins ein. - Gekktu enginn þá við mína hlið?

Hann las minn hug. Hann leit til mín og lét mig horfa í augu sér: „Þá varstu sjúk, blessað barn, þá bar ég þig á herðum mér“.

Sigurbjörn Einarsson

Frumbirting í 1. tbl. Tímarits Kristilegs félags heilbrigðisstétta, haustið 1983.

Leyndardómur bænarrinnar

Bænin opnar margar leiðir og við bæn skapast mikill kærleikur til þeirra sem beðið er fyrir.

Í starfi mínu á Landspítalanum naut ég þeirrar blessunar að eiga mjög gott samstarfsfólk. Ég bað alltaf fyrir samstarfsfólki mínu og var þess aðnjótandi að finna einstakan kærleika frá þessu starfsfólki og samstarfi mínu við það.

Guð gefur okkur fyrirheit og lausnir við dagleg viðfangsefni. Í starfi mínu á Landspítalanum fann ég að með bæn varð allt samstarf við hinar ýmsu stéttir ánægjulegra og árangursríkara.

Áður en þeir kalla, mun ég svara, og áður en þeir hafa orðinu sleppt, mun ég bænheyra. Jes 65.24.

Vigdís Magnúsdóttir

Laura Sch.Thorsteinsson

Bænin í lífi mínu

Þegar ég fékk tækifæri að fjalla um bæninna í lífi mínu fór ég að velta fyrir mér hvernig því yrði best háttað. Ég á margar bækur sem fjalla um mátt bænarinna og hægt hefði verið að draga saman aðalatriðin úr þeim eins og ég er vön að gera þegar ég afla mér heimilda er ég undirbý fyrirlestra og greinar og hugleiddi ég það.

Svo kom allt í einu yfir mig löngun að fjalla um þetta efni á persónulegum notum, en ekki draga saman heimildir frá öðrum svo ég ákvað að gera það heldur.

Ég hef verið svo lánsöm að biðja bænarir allt mitt líf, því mér var strax kennt það í foreldrahúsum. Einnig átti ég því láni að fagna að dvelja í sumarþúðum í Vindáshlíð og Kaldárseli og þar var mikil áhersla lögð á bænarir. En misjafnt er hversu mikið og heitt ég hef beðið. Ég veit í hjarta mínu að Guð er alltaf til staðar og það er alltaf hægt að tala við Hann í bæn, en ég hugsa ekki alltaf um það – ég gleymi því og læt annað yfirtaka hugsun mína. En ég hef fengið að finna fyrir návist Hans. Oft hefur það gerst þegar miklar tilfinningar hafa verið til staðar – bæði í gleði og ekki síst í erfiðleikum.

Mig langar að segja frá reynslu sem ég varð fyrir árið 1993, þar sem bænin kom mjög við sögu. Til stóð að ég færi til Bandaríkjanna á ráðstefnu vegna starfs míns. Á þessum tíma voru þrjár dætur mínar á aldri 5 – 10 ára og ég fór þá alltaf eins lítið frá þeim og mér var unnt. En í þetta skiptið var ekki undan vikist og ég þurfti að fara í rúmlega viku. Í mér var kvíði og beygur, þrátt fyrir það að eiginmaður minn yrði heima og myndi gæta þeirra, en ég var samt svo hrædd um að eitthvað kæmi fyrir þær á meðan ég væri í burtu. Ekki batnaði ástandið þegar ég kom til Bandaríkjanna, en ferðin hófst í Baltimore og var svo heitið áfram til New Orleans. Þegar við komum til Baltimore var þar mikill áróður í gangi gegn glæpum og viðvaranir og upplýsingar um glæpi blöstu alls staðar við. Þá bættist við kvíði um að eitthvað kæmi fyrir mig í ferðinni og dætur mínar stæðu uppi móðurlausar eins og ég hafði sjálf gert þegar ég var 9 ára gömul.

Þegar ég lít til baka sé ég að þessi kvíði var í raun mjög alvarlegur og hafði víðtæk áhrif á mína líðan. Ég átti mjög erfitt með svefn og leið hræðilega, en ég hélt að þetta myndi líða hjá, en það gerði það ekki.

Á 3ja degi í ferðinni áttum við að fara að skoða mjög þekktan spítala, *The Johns Hopkins Hospital*. Það var búið að margsegja okkur að spítalinn væri í slæmu hverfi og við yrðum að taka leigubíl þangað og mættum alls ekki koma fótgangandi. Ekki var þetta nú til að lægja kvíðaöldurnar hjá mér. Um nóttina áður en við fórum þangað var ég andvaka og í angist. Ég reyndi að biðja bænarir og var að leita í Biblíunni minni að hinu þekktu ritningarversu í Matt 11.28 – *Komið til mín* en ég fann það ekki. Á þessum tíma hafði ég hvorki þann trúarstyrk sem ég hef í dag né heldur vissi ég hvar þetta ritningarvers var. En mér leið hörmulega og ég kallaði til Guðs í angist, eins og lýst er í 34. Davíðssálmi, 5. versu:

Ég leitaði Drottins og Hann svaraði mér, frelsaði mig frá öllu því er ég hræddist.

Ég hrópaði til Hans – Guð þú verður að hjálpa mér, ég er að fara yfir um - og ég bað Hann um að senda mér eitthvað tákni, eitthvað merki um það að Hann myndi vera með mér í ferðinni og ég kæmist lifandi heim! Loksins sofnaði ég úrvinda.

Næsta dag fórum við svo á spítalann og ég fór að svipast um eftir tákni sem ég hafði beðið um. Ég var þó alls ekki viss um að það myndi birtast, gat einungis beðið og vonað.

Á spítalanum eru margar byggingar og sá hjúkrunarfræðingur sem fór með okkur í skoðunarferð þar sagðist ætla að sýna okkur gamla byggingu, sem tilheyrði spítalanum. Þegar við komum þangað birtist mér táknið svo um munaði!

Það var 3 – 4 metra há stytta af Kristi úr hvítum marmara – hin þekktu stytta Bertels Thorvaldsen, þar sem Kristur breiðir út fadmi sinn móti okkur og segir *Komið til mín – allir þér sem erfiðir og þunga eruð hlaðnir og ég mun veita yður hvíld*.

Þessa sömu stytta hafði ég oft séð í

Höfundur



Laura Sch. Thorsteinsson, hjúkrunarfræðingur starfar hjá Landlæknisembættinu. Hún hefur um árabíl kennt við Háskóla Íslands og fleiri stofnanir. Laura er fyrrverandi formaður KFH.

Ég veit í hjarta mínu að Guð er alltaf til staðar og það er alltaf hægt að tala við Hann í bæn, en ég hugsa ekki alltaf um það – ég gleymi því og læt annað yfirtaka hugsun mína.

Fossvogskirkjugarði rétt hjá leiðinu hennar mömmu. Og þarna var komið ritningarvers-ið sem ég hafði verið að leita að um nótt-ina!

Það er mjög erfitt að lýsa því sem gerð-ist innra með mér þegar ég stóð þarna fyrir framan styttuna. En þarna fékk ég að reyna mátt bænarinna og mátt bænheyrslunnar á áhrifamikinn hátt. Kvíðinn hvarf á svip-stundu svo og allar áhyggjur og ég fylltist þvílíkri gleði að ég fór að hlæja! Ég fann að ég var undir sérstakri vernd. Jafnframt hugs-aði ég með mér – hvað er að þér Laura – af hverju treystir þú ekki Guði strax – auðvitað er Hann með þér – Hann hefur alltaf verið með þér.

Hann fór á undan mér og undirbjó ferð mína. Hann fór sjálfur fyrir mér eins og kemur fram í 5. Mósebók, 31. kafla, 6. versu. Hann var með mér allan tímann og leiddi mig heila heim - og hann var líka hjá dætr-um mínum og eiginmanni á meðan ég var í burtu. Ég hefði getað sparað mér þessar áhyggjur hefði ég haft meira trúartraust.

Þessi lífsreynsla kenndi mér að hrópa á Guð í angst og finna að Hann svarar.

Mig langar til að ljúka þessari umfjöllun með smáljóði sem ég setti saman eftir lestur Jes 41.10: *Óttast þú eigi, því að ég er með þér. Lát eigi hugfallast, því að ég er þinn Guð. Ég styrki þig, ég hjálpa þér, ég styð þig með hægri hendi réttlætis míns.*

Jes 41.10 Óttastu eigi

Ó minn Guð ég óttast eigi
því að ég er barnið þitt.
Þú mig leiðir lífs á vegi
þig æ lofar hjartað mitt.
Þú ert mín stoð, þú ert minn styrkur,
þú ert mín hjálp, mín von, mitt líf.
Aldrei aftur ég hræðist myrkur
því þú ætíð ert mín hlíf.

Ég fann að ég var undir sérstakri vernd. Jafnframt hugsaði ég með mér – hvað er að þér Laura – af hverju treystir þú ekki Guði strax – auðvitað er Hann með þér – Hann hefur alltaf verið með þér.

Að gerast félagi í Kristilegu félagi heilbrigðisstétta

Nýir félagar eru boðnir hjartanlega velkomnir í Kristilegt félag heilbrigðisstétta.

Félagsumsóknir er unnt að senda rafrænt á netfangið: bergbald@lsh.is
eða í pósti til Bergþóru Baldursdóttur, Heiðvangi 72, 220 Hafnarfirði.

Í umsókn þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram:

Undirrituð/aður óskar eftir því að gerast félagi í Kristilegu félagi heilbrigðisstétta.

Nafn: _____

Kt: _____

Heimilisfang: _____

Staður: _____

Sími: _____

Netfang: _____

Um starf KFH

Kristilegt félag heilbrigðisstétta (KFH) var stofnað 16. janúar 1978 og byggt á starfi Kristilegs félags hjúkrunarkvenna sem var stofnað árið 1952. Starf félagsins er grundvallað á bæn og kristni-boðsskipan Jesú Krists. Bænafundir eru stór þáttur í félagsstarfinu og eru vikulegir bænafundir á heimilum félagsfólks þar sem beðið er fyrir starfi í heilbrigðisþjónustunni, velferð sjúklinga og starfsfólks.



Félagsfundir

Félagsfundir eru einu sinni í mánuði og hafa undanfarin ár verið á mánudagskvöldum í Kristniboðssalnum að Háaleitisbraut 58-60. Á fundunum eru haldin fræðsluerindi og hugvekjur auk bæna og söngs. Undanfarna vetur hafa efni fundanna tengst ákveðnum þemum t.d. andlegar og trúarlegar þarfir sjúklinga og máttur bænarinnar í daglegu starfi. Fundirnir eru auglýstir í fréttabréfi félagsins, með netpósti til félagsfólks og í dagblöðum.

Námskeið í samstarfi við presta og djákna

Félagið á gott samstarf við presta og djákna sem starfa á heilbrigðisstofnunum. Meðal samstarfsverkefna eru námskeið fyrir starfsfólk um andlegar og trúarlegar þarfir sjúklinga. Markmið námskeiðanna eru að gera starfsfólk betur undir það búið að greina og koma til móts við andlegar og trúarlegar þarfir sjúklinga og styrkja þverfaglega samvinnu í þessu sambandi.

Námskeið fyrir stjórnendur á Landspítala í samstarfi við Skálholt

Félagið hefur haft umsjón með námskeiði fyrir stjórnendur í samstarfi við Skálholt og hjúkrunarforstjóra Landspítala. Námskeiðin fara fram í Skálholti og þátttakendur eru deildarstjórar hjúkrunar á spítalanum. Markmið námskeiðanna er að efla styrk þátttakenda í

starfi m.a. með því að fjalla um leiðir til andlegrar uppbyggingar og árangurs fyrir stjórnendur, starfsmenn og sjúklinga. Einnig er markmið námskeiðanna að stuðla að hvíld og endurnæringu í kyrrð og í skjóli staðarins.

Heilsutengdir kyrrðardagar í samstarfi við Skálholt

Fulltrúar KFH hafa skipulagt og tekið þátt í heilsutengdum kyrrðardögum í Skálholti. Markmið heilsutengdra kyrrðardaga er að bjóða þátttakendum til samveru og hvíldar frá erli hversdagslífsins. Haldin eru fræðsluerindi um streitu, lífsgæði og kyrrð og þátttakendum boðið til kristlegrar íhugunar og slökunar. Heilsutengdir kyrrðardagar grundvallast á samveru í kyrrð um leið og þátttakendur njóta tónlistar í kirkju og heilsusamlegra máltíða í fallegu umhverfi.



Útgáfa

Fyrsta tímarit KFH kom út á haustdögum 1983 og var dreift á allar heilbrigðisstofnanir á landinu. Félagið hefur einnig gefið út bænabæklinga til að leggja í náttborð sjúklinga á heilbrigðisstofnunum. Fyrsta fréttabréf félagsins kom út í febrúar 1984 og er nú gefið út tvisvar sinnum á ári.

Alþjóðlegt samstarf

Félagið hefur frá upphafi verið í tengslum við alþjóðleg og norræn samtök kristilegra félaga heilbrigðisstétta. Fulltrúar þessara samtaka hafa sótt félagið heim og einnig hafa margir félagar KFH á Íslandi sótt ráðstefnur og biblíunámskeið víða um heim, t.d. á vettvangi Healthcare Christian Fellowship í Suður-Afríku.

*Pitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegi mínum.
Slm 119.105.*

Bæn Davíðs

Hneig eyra þitt, Drottinn, og bænheyr mig
því að ég er hjálparvana og snauður.
Vernda líf mitt því að ég er þér trúur.
Þú ert Guð minn,
Hjálpa þjóni þínum sem treystir þér.
Ver mér náðugur, Drottinn,
því að ég ákalla þig allan daginn.
Lát þjón þinn fagna
Því að ég hef sál mína til þín.
Þú, Drottinn, ert góður og fús til að fyrirgefa,
gæskuríkur öllum sem ákalla þig.
Hlýð, Drottinn, á bæn mína
og gef gaum að grátbeiðni minni.
Þegar ég er í nauðum staddur ákalla ég þig
því að þú bænheyrir mig.

Slm 86.1-10.



Þakkir til Séra Péturs Þorsteinssonar

Séra Pétur Þorsteinsson prestur Óháða safnaðarins í Reykjavík er einstakur velunnari Kristilegs félags heilbrigðisstétta. Hann hefur um árabíl gefið út Pétrisk-íslenska orðabók með alfræðiásvæði og hefur Pétur látið allan ágóða af sölu bókarinnar og gott betur renna óskiptan til KFH. Nema gjafir hans orðið mörg hundruð þúsund krónum. Pétri eru færðar alúðarþakkir fyrir.

Vigdís Magnúsdóttir

Upphaf félagsins: Fyrsti hluti 1952 – 1965

Stofnfundur og bænastarf hjúkrunarnema

Kristilegt félag hjúkrunarkvenna (KFH) var stofnað 15. október árið 1952. Þann dag mættu til stofnfundar 10 hjúkrunarkonur og 7 hjúkrunarnemar. Áður en félagið var stofnað komu nokkrir hjúkrunarnemar saman til bæna með þrá í hjarta að verða hæfari og betri starfsmenn. Á þessum árum var almennt ekki lögð áhersla á að mæta andlegum og trúarlegum þörfum sjúklinga. Hjúkrunarnemarnir voru allt trúaðar stúlkur og höfðu einlægán áhuga á að mæta þessum þörfum sjúklinga sinna og þess vegna ákváðu þær að koma saman til bæna. Þessir hjúkrunarnemar komu síðar að stofnun KFH.

Stofnendur KFH voru hjúkrunarkonurnar Guðrún Þorsteinsdóttir, Ingunn Gísladóttir, Áslaug Johnsen, Þórey Ingvarsdóttir, María Finnsdóttir, Astrid Hannesson, Svanhildur Sætran, Dagbjört Þórðardóttir, Málfríður Finnsdóttir og Ragnheiður Reynis. Auk þeirra voru stofnendur félagsins hjúkrunarnemarnir Áslaug Sigurbjörnsdóttir, Bjarnheiður Sigmundsdóttir, Björney Björnsdóttir, Elín Ellertsdóttir, Erna Dyrset, Sigríður Jóhannsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir.

Í fyrstu stjórn Kristilegs félags hjúkr-

unarkvenna voru kjörnar: Áslaug Johnsen formaður, Ingunn Gísladóttir, gjaldkeri, María Finnsdóttir, ritari, Þórey Ingvarsdóttir, varaformaður og Elín Ellertsdóttir meðstjórnandi. Í lok stofnfundarins 15. október 1952 tók Áslaug Johnsen til máls og endaði fundinn með Guðs orði og bæn, og las úr Opinberunarbókinni (3.7-9):

„Og engli safnaðarins í Filadelfíu skalt þú rita: Þetta segir sá heilagi sá sanni, sem hefur lykil Davíðs, hann sem lýkur upp, svo að enginn læsir og læsir svo enginn lýkur upp. Ég þekki verkin þín, sjá, ég hef látið dyr standa opnar fyrir þér, sem enginn getur lokað. Þú hefur lítinn mátt, en hefur varðveitt orð mitt og ekki afneitað nafni mínu.“

Þessi ritningarorð sem Áslaug las í lok stofnfundarins voru síðan einkunnarorð Kristilegs félags hjúkrunarkvenna.

Framhaldsstofnfundur

Ákveðið var að halda framhaldsstofnfund 24. október sama ár. Á fundinum voru kynnt fyrstu lög hins nýja félags. Fundurinn hófst

Höfundur



Vigdís Magnúsdóttir, hjúkrunarfræðingur, fyrrverandi hjúkrunarforstjóri og forstjóri Landspítalans. Vigdís er fyrrverandi formaður stjórnar KFH og núverandi varaformaður.



Áslaug Johnsen og fjölskylda. Mynd úr bókinni *Lifandi steinar*, útg. 1989 af Sambandi íslenskra kristniboðsfélaga. Birt með góðfúslegu leyfi útgefanda.

Áslaug Johnsen

Áslaug Johnsen gegndi mikilvægu hlutverki við stofnun Kristilegs félags hjúkrunarkvenna. Áslaug útskrifaðist frá Hjúkrunarvennaskóla Íslands vorið 1949. Hún fór til Noregs og starfaði þar við Ullevål sjúkrahúsið í Osló 1950-1951. Þar kynntist hún Kristilegu félagi hjúkrunarkvenna í Noregi og fékk áhuga á að ræða stofnun slíks félags við trúsystur sínar á Íslandi. Áslaug starfaði á skurðstofu Landspítalans á árunum 1953 – 1955 og kenndi við Hjúkrunarskóla Íslands 1955 – 1956. Hún skrifaði ásamt Sólveigu Jóhannsdóttur hjúkrunarkennara kennslubók um hjúkrun. Árið 1960 hélt Áslaug til Eþíópíu og starfaði þar í mörg ár við kristniboð og hjúkrunarstörf ásamt manni sínum Jóhannesi Ólafssyni lækni og kristniboða.

Lög gamla félagsins

Lög Kristlegs félags hjúkrunarkvenna samþykkt á framhaldsstofnfundi félagsins 24. október 1952

1. gr. Félagið heitir Kristlegt félag hjúkrunarkvenna, skammstafað KFH.
2. gr. Félagið bindur starf sitt og boðskap við fagn- aðareriðið um Jesúm Krist, son Guðs, er gaf sjálfan sig fyrir syndir vorar og reis aftur upp frá dauðum, oss til réttlætningar, samkvæmt heilagri ritningu og játningarritum evangelisk-lútherskr- ar kirkju.
3. gr. Takmark félagsins er:
 - a) Að sameina trúaðar hjúkrunarkonur og hjúkr- unarnema, til að styrkja og glæða trúarlíf þeirra.
 - b) Að vinna aðra fyrir Jesúm Krist.
4. gr. a) Meðlimir geta orðið allar hjúkrunarkonur og hjúkrunarnemar, sem jástast undir aðra og þriðju gr.
 - b) Konur úr öðrum kirkjudeildum (sbr. gr. 2) geta einnig orðið meðlimir, ef þær skuldbinda sig til þess að gera enga tilraun til að útbreiða sérkenningar kirkjudeildar sinnar í nafni félagsins.
 - c) Brjótí einhver meðlimur félagsins, lög þessi eða breyti gegn anda félagsins á alvarlegan hátt og vilji hún ekki, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar, sjá að sér, þá er stjórn félagsins heimilt að láta strika hana út af félagskránni, en bæti hún ráð sitt, þá getur hún gjörst félagi aftur.
5. gr. a) Stjórn félagsins er skipuð 3 meðlimum og skulu jafnan vera 2 varamenn.
 - b) Í stjórn félagsins mega aðeins vera persónu- lega kristnar konur.
 - c) Stjórnin sér um framkvæmdir á gjörðum félagsins og skiptir með sér verkum formanns, ritara og féhirðis. Ákvarðanir stjórnarinnar eru því aðeins gildar, að hún sé fullskipuð. Er hún ábyrg gerða sinna fyrir aðalfundi.
 - d) Skal formaður jafnan vera hjúkrunarkona.
6. gr. a) Aðalfundur skal haldinn í október.
 - b) Stjórn ásamt varamönnum sé jafnan kjörin á hverjum aðalfundi og fari kosning fram skrif- lega.
7. gr. Á aðalfundi leggi stjórnin fram árrsskýrslu sína og endurskoðaða ársreikninga. Aðalfundagjörð skal rituð í sérstaka bók og undirrituð af ritara og formanni.
8. gr. Lögum þessum má ekki breyta nema á aðalfundi og þá með 4/5 greiddra atkvæða, þó alls ekki í ósamræmi við greinarnar 2, 3 og 5b.

með því að lesið var úr Guðs orði og flutt bæn. Á fundinum las einnig Áslaug Johnsen kafla úr ævisögu Florence Nightingale „Konan með lampann“. Einnig las Astrid Hannesson æviágrip Ólafíu Jóhannsdóttur úr bókinni „Aumastur allra“ og þar fengu fundarmenn að heyra hverju konur, sem fá kall frá Guði til starfa og eru köllun sinni trúar, geta áorkað. Guðrún Þorsteinsdóttir endaði fundinn með Guðs orði og bæn.

Félagsfundir fyrstu árin

Fyrstu árin voru fundir haldnir hálfsmán- aðarlega ýmist á heimilum félagskvenna eða haldnar voru bænastundir í bænaher- bergi KFUM og K við Amtmannsstíg. Auk þessara funda voru haldnir útbreiðslufundir í dagstofu hjúkrunarnema á 3. hæð á Land- spítalanum og í samkomusal KFUM og K. Öðru hvoru var sérstökum gestum boðið á fundina. Má til dæmis nefna að á fund sem haldinn var á heimili Astrid Hannesson þann

7. nóvember 1952 var norskum kristniboða, Rine Tysland, boðið á fundinn. Rine hafði þá starfaði lengi að kristniboði í Kína og sagði á fundinum frá starfi sínu í Kína.

Þann 5. desember 1952 var haldinn fundur til þess að undirbúa fund með hjúkrunarnem- um í dagsstofu þeirra á Landspítalanum. Á fundinn kom Ólafía Jónsdóttir, yfirhjúkr- unarkona á Kleppjárnsreykjum sem þá var heimili fyrir þroskahefta einstaklinga. Ólafía sagði frá námi sínu og starfi í Noregi og ósk- aði eftir því á fundinum að gerast meðlimur í hinu nýstofnaða félagi. Nokkrum dögum síðar, hinn 12. desember 1952, var fundur haldinn í dagstofu hjúkrunarnema á 3ju hæð á Landspítalanum. Áslaug Johnsen sagði frá starfi og stofnun félagsins. Áslaug gat þess einnig í máli sínu að stofndagur KFH þ.e. 15. október væri sami mánaðardagur og Florence Nightingale hefði ákveðið að hlýðnast kalli Guðs til að starfa við hjúkrun, þ.e. 15. októ- ber 1854. Á fundinum las Ingunn Gísladóttir

sögu, Áslaug söng einsöng og nokkrar hjúkrunarkonur sögðu frá trúarreynslu sinni. Bjarni Eyjólfsson formaður Kristniboðssambandsins endaði fundinn með Guðs orði og bæn.

Áhersla á kristniboð

Frá upphafi stofnunar KFH var hugsjónin köllun frá Guði, að breiða út ríki hans hér á Íslandi, einkum á heilbrigðisstofnunum. Köllunin var einnig að ná út til fjarlægðra þjóða samkvæmt kristniboðsskipun Drottins okkar Jesú Krists:

„Allt vald er mér gefið á himni og jörðu. Farið því og gjörið allar þjóðir að lærisveinum, skírið þá í nafni föður, sonar og heilags anda og kennið þeim að halda allt það sem ég hefi boðið yður. Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar“ (Matt 28.17-20).

Efni funda á fyrstu starfsárum KFH var mjög oft tengt kristniboði, lesnar voru frásögur og sagt frá starfi kristniboða og má þar nefna æviágrip Davids Livingstone kristniboða og landkönnuðar. Meðal gesta á fundum félagsins var Ólafur Ólafsson kristniboði sem starfaði lengi í Kína. Ólafur sýndi félagskonum til dæmis kvikmynd frá sjúkrahúsi í Kína og sagði frá kristniboðsstarfi sínu þar.

Fyrsti fundur á nýju ári 1953 var haldinn 21. janúar en það var sama dag og kristniboðshjónin Kristín Guðleifsdóttir og Felix Ólafsson fóru til Konsó. Eftir að hafa kvatt kristniboðshjónin við skipshlið héldu félagskonur KFH fund. Lesið var Guðs orð og haldin sambænastund þar sem ungu kristniboðarnir og framtíðarstörf þeirra voru lögð í Drottins hendi. Áður höfðu félagskonur tekið að sér að búa til sáraumbúðir og keypt hjúkrunargögn sem voru send með kristniboðshjónunum til Konsó.

Þrjár af stofnfélögum KFH störfuðu við kristniboð og hjúkrun í Eþíópíu og Kína. Þetta voru hjúkrunarkonurnar Ingunn Gísladóttir, Áslaug Johnsen og Astrid Hannesson. Síðar gerðist önnur félagskona, Margrét Hróbjartsdóttir hjúkrunarfræðingur, kristniboði og fór til starfa við kristniboð í Eþíópíu árið 1957.

Bænir og söngur

Frá upphafi var lögð mikil áhersla á bæna og bænastarf. Hún er undirstaða og

driffjöður alls starfs í ríki Guðs. Á hverjum fundi félagsins var beðið fyrir sjúklingum og starfsfólki heilbrigðisstétta. Félagskonur ákváðu einnig að æfa söng og syngja fyrir sjúklinga. Til dæmis var sungið fyrir sjúklinga á Landspítalanum og við jólaguðsþjónustur þar. Einnig var farið á Sólvang í Hafnarfirði og sungið þar fyrir sjúklinga.

Félagskonur í KFH upplifðu starf félagsins sem mikla blessun og dýrmætt samfélag trúarsystra. Það er trú þeirra að starf félagsins hafi hjálpað þeim að koma betur til móts við andlegar og trúarlegar þarfir sjúklinganna og eru þær þakklátar fyrir þá Guðs blessun sem starf KFH hefur gefið hverri og einni. Guð hefur fylgt þeim í starfi eins og segir í Opínberunarbókinni:

„Ég þekki verkin þín, sjá, ég hef lát-ið dyr standa opnar fyrir þér, sem enginn getur lokað. Þú hefur lítinn mátt, en hefur varðveitt orð mitt og ekki afneitað nafni mínu.“ (Opb 3.7-9).



Félagskonur KFH pakka sáraumbúðum og hjúkrunargögnum sem voru send með kristniboðshjónunum til Konsó árið 1956. Mynd úr bókinni *Lifandi steinar*, útg. 1989 af Sambandi íslenskra kristniboðsfélaga. Birt með góðfúslegu leyfi útgefanda.

Margrét Hróbjartsdóttir

Francis Grim

Fæddur 11. júlí 1912 - Dáinn 21. maí 2005

Höfundur



Margrét Hróbjartsdóttir hjúkrunarfræðingur og kristniboði. Hún er fyrrverandi formaður KFH og situr nú í stjórn félagsins.

Í hjarta hans vaknaði brennheit þrá til að bæta úr þessu.

Mér er ljúft að minnast okkar hjartkæra leiðtoga er við nú gefum aftur út Tímarit kristilegs félags heilbrigðisstétta. Hann stofnaði hina alþjóðlegu hreyfingu þess félags og gerðist sá merkisviðburður í Suður-Afríku árið 1936. Köllunina til að stíga það skref fékk hann við dánarbed föður síns í sjúkrahúsi. Honum varð ljóst að starfsfólk spítalans þar sem faðir hans lá gat ekki veitt sjúklingunum andlega og trúarlega þjónustu. Í hjarta hans vaknaði brennheit þrá til að bæta úr þessu. Og það leiddi hann til stórkostlegs ævistarfs, ekki aðeins í sjúkrahúsum á heimaslóðum heldur um allan heim.

Hingað til Íslands kom hann árið 1977 ásamt þeldökkum samstarfsmanni sínum, Godfrey O'Neal, sem var ættaður frá Barbados í Vestur-Indíum. Þeir komu til að heim-


sækja Kristilegt félag hjúkrunarkvenna og hafði Francis reyndar komið tvívegis áður sömu erinda. Árangur af heimsókninni 1977 var að 16. janúar 1978, var stofnað Kristilegt félag heilbrigðisstétta hér á landi. Francis kom síðar tvisvar til Íslands og í bæði skiptin var Erasmía, konan hans, í fylgd með honum, en hún lifir mann sinn og er enn í fullu starfi í alþjóðahreyfingunni.

Ég naut þeirra forréttinda að fara sem fulltrúi okkar á alþjóðlega ráðstefnu KFH sem var haldin í Suður-Afríku 2004. Þá var Francis enn á lífi en orðinn mjög lasburða. Það gladdi mig meir en orð fá lýst að sjá hann og finna glóðina sem brann í hjarta hans og kærleikann sem hann bar til Íslands og KFH hér á landi. Við vottum Erasmíu hluttekningar okkar vegna fráfalls manns hennar. Í 49 ár stóð hún sem klettur við hlið hans í þessu stórkostlega starfi í ríki Guðs og er enn að. Hún gleðst nú yfir því að Francis hefur náð hinu langþráða takmarki og dvelur í dýrðinni hjá Frelsara sínum. Francis sagði eitt sinn við mig: „Við eigum hið besta framundan í dýrðinni hjá Jesú.“

Í lokin vil ég aðeins geta þess að KFH á Íslandi gerðist formlegur aðili að alþjóðasamtökum KFH á 50 ára afmælishátíð þeirra sem haldin var í Kössen í Austurríki 1986. Þá afhenti Francis Grim okkur skjal sem staðfesti aðild okkar. Á afmælishátíðinni í Kössen voru 14 fulltrúar frá Íslandi.

Við í KFH á Íslandi þökkum Drottni fyrir Francis Grim. Dýrð sé Drottni um aldur og að eilífu!

F.h. KFH á Íslandi.



· Bilabón
· Fyrirtækja-
hreingerningar

ÓS Verktakar

símar 588 8400 · 899 3772 · 899 0228





GlaxoSmithKline

Markmið lyfjafyrirtækisins GlaxoSmithKline er að gera fólki kleift að áorka meiru, líða betur og lifa lengur.


Myndir frá aðalfundi 2007





NÝJU SIRIUS LJÓSASERÍURNAR

LÁTTU HEILLAST!



GARDHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda